

## 7. bekkur íslenska kennsluáætlun 2018-2019.

---

Kennarar: Guðrún Unnsteinsdóttir

7

### Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Orðspor 3, grunnbók og vinnubók

Málrækt 3

Skinna/Skrudda/Skræða

Ýmis ljóð

Ýmsar lestrarbækur

Annað efni frá kennara

Efni á netinu

### Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Innlagnir

Lestur

Verkefnavinna

Vinnubókarvinna

Ritun

Hlustun

Einstaklingsvinna

Paravinna/Hópavinna

### Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Metið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla

Lesfimipróf MMS tekin í september, janúar og maí

Símat jafnt og þétt yfir veturinn

Samræmd próf í september

## VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

---

### 2018 Fjalla 7. bekkur íslenska - Talað mál, hlustun og áhorf

- Tjáð sig skýrt og áheyrliga og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.
- Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.
- Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.
- Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.
- Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.

### 2018 Fjalla 7. bekkur íslenska - Lestur og bókmenntir

- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.
- Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.
- Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.
- Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.
- Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglungum.
- Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.
- Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.
- Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.

### 2018 Fjalla 7. bekkur íslenska - Ritun

- Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.
- Beitt helstu atríðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.
- Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda, skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.

- Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.

## 2018 Fjalla 7. bekkur íslenska - Málfræði

- Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.
- Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.
- Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.
- Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.
- Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra i texta.
- Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.
- Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.